

með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin. Og þar eð hann hefir eigi brotið gegn öðrum ákvæðum hegningarlaganna en 263. gr. þeirra, þykir eigi bera að svipta hann rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki samkv. 8. gr. 4. málsg. gjaldprotaskiptalaganna.

Hinir ákærðu Páll V. G. Kolka og Kjartan Guðmundsson greiði að hálfu hvor málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., sem þykja hæfilega ákveðin 100 kr. Ákærður Kristján Egilsson greiði málsvarnarlaun hins skipaða talsmann síns í málinu, Ástþórs Matthíassonar lögfræðings, sem þykja hæfilega ákveðin 50 kr.

Allan annan kostnað málsins þykir eftir atvikum rétt, að hinir ákærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum).

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en fyrir drætti þeim, sem varð á að lúka rannsókn málsins, er gerð grein í prófunum, og dómur í málinu hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú vegna anna dómarans.

Mánudaginn 6. desember 1937.

Nr. 86/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Ingimundi Jónssyni, Guðvarði Þorkelssyni og Gunnlaugi Sigurbjörnsyni (Einar B. Guðmundsson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögreluréttar Ólafsjarðarhrepps 29. apríl 1937:

Kærðu Ingimundur Jónsson og Gunnlaugur Sigurbjörnsson sæti hvor um sig 500 króna sekt til menningar-

sjóðs, og afpláni hvor þeirra sekt sína með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðvarður Þorkelsson greiði 60 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt gert.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því er varðar sök kærðu Guðvarðs Þorkelssonar og Gunnlaugs Sigurbjörnssonar, þá þykir mega, með skírskotun til forsendna héraðsdómsins, staðfesta ákvæði hans um refsingu þeim til handa, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að því er þá varðar að staðfesta málskostnaðar- og upptöku-ákvæði hins áfrýjaða dóms.

Kærði Ingimundur Jónsson hefir kannazt við að eiga áfengi það, sem við húsleitina fannst, að undanteknum bruggleginum í kútnum, en hann hefir ekki viðurkennt, að þar sé um ólöglegt áfengi að ræða. Sýnishorn af áfengi þessu, sem var slatti á einni flösku og tveimur pelum, hefir verið sent efna-rannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar og umsagnar, og segir hún, að það *geti verið* heimabruggað áfengi, en geti einnig verið bruggað hvar sem vera skal. Sker umsögn þessi því ekki úr um það, hvort áfengið sé ólöglegt eða ekki. Héraðsdómarinn kveðst hafa leitað álits ýmissa manna um áfengi þetta, og hafi þeir talið það vera heimabugg, óblandað á einu ilátinu, en á hinum tveimur blandað bitterbrennivíni. Umsagnir þessara manna eru allar óstaðfestar, enda er enginn þeirra nafngreindur í prófum máls-

ins og enginn þeirra hefir verið kvaddur fyrir rétt. Skortir því mjög á það, að hér sé um slíka skoðun að ræða sem refsiniðurstaða verði byggð á. Og þar sem ekki er upplýst á annan hátt, að áfengi þetta sé ólöglegt, þá verður ekki talin sönnuð sök á hendur kærða Ingimundi í máli þessu, og ber því að sýkna hann af kærum valdstjórnarinnar í því.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærðu Guðvarði og Gunnlaugi að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Ingimundur Jónsson á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Gunnlaugur Sigurbjörnsson sæti 500 króna sekt í menningarsjóð, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðvarður Þorkelsson sæti 60 króna sekt í menningarsjóð, og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ólöglegs áfengis staðfestist að því er snertir áfengislöginn í kútnum, sem um ræðir í málinu.

Hinir dómfelldu, Gunnlaugur Sigurbjörnsson og Guðvarður Þorkelsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,

hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingimundi Jónssyni, Guðvarði Þorkelssyni og Gunnlaugi Sigurbjörnssyni, öllum til heimilis hér í kaupúninu, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Hinn 22. nóvember f. á., kl. 8 að kvöldi, gerði lögreglustjóri að undangengnum dómsúrskurði, ásamt áfengisvarnarnefnd Ólafsfjarðar og fleiri mönnum, húsleit hjá kærðum Ingimundi og Guðvarði, báðum til heimilis í Háagerði, eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum.

Í kolastíu undir stiga í húsinu fannst kútur rúmlega hálfur af matbaunum, er voru blautar, og lagði af þeim gerjunarþef. Ennfremur fannst við húsleitina, í kommóðuskúffu á neðri hæð hússins, peli nær fullur af vínanda, og á efri hæð hússins fannst flaska og peli með slatta af áfengi í, hvorttveggja í læstu kofforti. Ennfremur uppi á lofti, undir rúmi, hálfflaska með örlítilli lögg í. Engin bruggunartæki fundust.

Sýnihorn voru send efnarannsóknarstofu ríkisins, og reyndist alkóhólstyrkleiki eftir rúmmáli í pelanum úr kommóðuskúffunni 31%, pelanum úr kofforti 46%, flöskunni úr koffortinu 36% og baunakútnum 6,9%. Innihaldið úr hálfflöskunni var svo lítið, að styrkleiki varð ekki mældur.

Kærður Ingimundur hefir kannast við að eiga áfengi það, sem fannst í kommóðuskúffunni og koffortinu. Hann neitaði því strax eindregið, að hann ætti baunakúttinn eða vita, hver ætti hann. Vildi fyrst enginn kannast við að eiga kúttinn, en við eftirgrennslan komst dómariinn að því, að Albert Guðmundsson, sjómaður hér í kaupúninu, mundi eiga hann, en Albert kvaðst hafa lánað kærðum Gunnlaugi hann til sýrugeymslu.

Kærður Gunnlaugur hefir viðurkennt, að Albert hafi lánað sér kútinn ca. 3 vikum fyrir húsleitina. Hafi hann skömmu síðar sett í kútinn ca. 1½ kg. af matbaunum, ca. 1½ kg. af strausykri og síðan fyllt kútinn með vatni, en kúturinn taki alls um 4½ líter. Kærði kveðst hafa geymt kútinn niðri í kistu heima hjá sér um vikutíma, en síðan hafi hann farið með hann út í sjóhús Einars Jónssonar, og þar hafi hann, ásamt Jakobi Einarssyni, sjómanni hér í kaптúninu, drukkið rúmlega líter úr kútnum, en segir, að þeir hafi ekkert fundið á sér af drykk þessum. Meðan þeir voru þarna í sjóhúsinu bar þar að kærðan Guðvarð, og varð það að samkomulagi með þeim, að Guðvarður tæki kútinn til geymslu, og hafi kærður Gunnlaugur og Jakob farið með kútinn heim til Guðvarðar þá um kvöldið, og veitti hann kútnum móttöku. Segir Guðvarður, að kúturinn hafi legið í skúr við húsið þangað til daginn, sem húsleitinn var gerð. Þá hafi hann flutt kútinn inn í kola-stíuna. Kærði Gunnlaugur hefir viðurkennt, að það hafi verið ætlun sín að gera áfengi úr innihaldi kútsins, og kærði Guðvarður hefir viðurkennt að hafa vitað, að svo var. Gunnlaugur kvaðst ekki hafa áður fengizt við tilbúning áfengis. Jakob Einarsson hefir neitað að hafa nokkuð verið við mál þetta riðinn.

Kærði Ingimundur hefir viðurkennt að eiga áfengi það, sem fannist í kommóðuskúfunni og koffortinu uppi á lofti. Hann segist um s. l. veturnætur hafa fengið bitterbrennivínsflösku þá, sem var í koffortinu, og hafa hellt nokkru af innihaldi hennar í pelann. Séu þetta leifar af því áfengi. Kærði segist lengi hafa átt pelann, sem fannst í kommóðuskúfunni, en ekki muna, hvar hann hafi fengið hann, en neitar að hafa bruggað áfengi það, sem í honum var.

Dómarinn hefir leitað umsagnar ýmsra manna um áfengi það, sem fannst við húsleitina. Eru menn sammála um, að í pelanum úr kommóðuskúfunni sé óblandað heimabruggað áfengi, en áfengið, sem fannst í koffortinu, sé heimabruugg, blandað bitterbrennivíni. Verður rétturinn því að telja, að hér sé um ólöglegt áfengi að ræða. Og þar sem kærði hefir enga sennilega grein gert fyrir því, hvernig áfengi þetta er komið í vörzlu hans, verður rétturinn að telja hann brotlegan gegn 14. grein áfengislaga nr. 33

9. jan. 1935, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt lagabrot, samkvæmt 30. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt vottorði efnarannsóknarstofu ríkisins var áfengisstyrkleiki innihalds baunakútsins 6.9% eftir rúm-máli, og getur í höndum kunnáttumanns náð allt að 100% styrkleika. Verður rétturinn því að telja kærðan Gunnlaug hafa brotið gegn 6. gr. áðurnefndra áfengislaga, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður verið dæmdur til refsingar fyrir nokkurt lagabrot, samkv. 30. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Guðvarður hefir viðurkennt, að það hafi verið með sinni vitund og vilja, að baunakúturinn kom í Háagerði, og að hann hafi vitað, að áfengi átti að gera úr innihaldinu. Hann hefir því að réttarins áliti gerzt brotlegur gegn 16. gr. áðurnefndra áfengislaga, og þykir refsing hans, sem ekki hefir áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt lagabrot, samkvæmt 36. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 60 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 6 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt gert.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dráttur hefir orðið á afgreiðslu þessa máls, og er gerð grein fyrir honum í prófum málsins.

